

7. stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn 28.október 2010 á skrifstofu sambandsins í Laugardal. Fundurinn hófst kl. 17.00. Mætt: Sigurjón, Kári, Guðjón, Gry og Birgir.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt
2. Fundur skrifstofu ÍSÍ með formönnum sérsambanda.
Guðjón sagði frá fundinum þar sem var farið yfir praktísk atriði varðandi skrifstofuhald, húsnæðismál o.a.
Aðgerð: stjórnin ákvað að hittast fimmtudaginn 4.nóvember til að setja í stand skrifstofu sambandsins.
3. Fundur menntamálaráðherra með formönnum sérsambanda.
Sigurjón sagði frá fundinum þar sem aðilar kynntu sín áherslumál og ræddu stöðu íþróttahreyfingarinnar.
4. Styrkir til KRAFT vegna HM í Suður-Afríku
Kraftlyftingasambandi Íslands hefur borist 200.000,- króna styrk frá Gunnari Eggertssyni hf vegna þátttöku á HM í kraftlyftingum í Suður-Afríku í næsta mánuði. Styrkurinn er eyrnamerkur Maríu Guðsteinsdóttur og aðstoðarmanni hennar. Stjórnin þakkaði styrkinn með lófataki.
ÍSÍ hefur ákveðið að styrkja þátttöku á HM með því að leggja til þrjá flugmiða fyrir keppendur og aðstoðarmanni til og frá London.
Aðgerð: Gry kemur á framfæri þakklæti stjórnar til G.E. hf
5. Goodlift-mótsumsjónarkerfið
Ákveðið var að festa sem fyrst kaup á Goodlift gegnum netið og eiga svo fund með höfundinn í tengslum við HM í nóvember.
Aðgerð: Kári gengur frá kaupunum. Gry talar við Klaus og athugar hvort hann getur verið stjórninni innan handar í þessu máli.
6. Reglugerðir KRAFT
Samþykktar voru einróma endurskoðaðar tillögur að reglugerðum um kraftlyftingamót og um dómaranefnd.
Aðgerð: Gry kynnir málið á kraft.is
7. Bikarmót KRAFT
Sumir hafa lýst áhyggjum vegna nálægðar bikarmótsins við EXPO 2010.
Aðgerð: Guðjón ræðir við forsvarsmenn lyfjaeftirlitsins, Sigurjón ræðir við forsvarsmenn ÍSÍ og skýrir okkar afstöðu enn frekar að þessu tilefni.
8. Önnur mál
Rúnar Friðriksson hringdi á fundinn og sagði frá andláti eiginkonu Guðmundar Svanlaugssonar á Akureyri.
Aðgerð: Gry sendir honum og fjölskyldu hans samúðarkveðju f.h. kraftlyftingasambandsins

Næsti fundur fimmtudaginn 4.nóvember kl. 17.00 í vinnugallanum.

Fundi slitið kl. 17.45